

Nr. 17-035 S 024 Gnúpur GK 11***Skipverji slasast á höfði***

Skipaskr.nr. 1579
Útgerð: Þorbjörn hf
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1981, stál
Stærð: 627,8 brl. 1141 bt.
Mesta lengd: 68,2 m Skráð lengd: 61,79 m
Breidd: 10,2 m Dýpt: 6,81 m
Vél: MaK 2355 kW 1981
Fjöldi skipverja: 27



Gnúpur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. september 2016 var Gnúpur GK 11 á siglingu frá Seyðisfjaðardýpi vestur á hala. Veður: NV 15-17 m/s og ölduhæð 4-5 m.

Vélstjórinn var staddur í stýrisvélarými þar sem lágt er til loftis þegar hann fékk þungt högg á höfuðið þegar skipið var á leið niður af öldutopp.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði tognaði illa á hálsi.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.